

7. gr.

Hagstofa Íslands skal, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 25/1957, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

**um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga
og kostnaðar við þau.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

1. gr.

7. gr. laganna fellur niður.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar skv. lögum þessum úr hlutaðeigandi sveitar sjóði.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972 um orlof húsmæðra.

3. gr.

5. gr. breytist þannig:

1. 1. tölul. orðist svo:

Sveitarsjóður greiði árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 150 fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

2. 2. tl. falli niður.

4. gr.

Orðin „ríkis og“ í 7. gr. falli niður.

IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 28 18. apríl 1973 um dvalarheimili aldraðra.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er sveitarsjóði heimilt að greiða allt að $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974 um grunnskóla.

6. gr.

1. mgr. 79. gr. orðist svo:

Viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögunum, en húsaleiga greiðist af ríkissjóði í því hlutfalli, sem stofn- kostnaður húsnæðis til sömu nota mundi greiddur.

Stofnbúnað skólabókasafns greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil. Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög.

7. gr.

80. gr. 2. mgr. orðist svo:

Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

8. gr.

4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 83. gr. falli niður.

VI. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 29 21. apríl 1973 um hlutdeild ríkissjóðs í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

9. gr.

2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. breytast á þann veg að orðin „og rekstrar“ falli niður.

10. gr.

8. og 9. gr. falli niður.

11. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 10. gr. breytast á þann veg, að orðin „og/eða reka“ falli niður. Síðasta mgr. 10. gr. falli niður.

VII. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 22 26. apríl 1963 um almenningubókasöfn.

12. gr.

Síðari hluti 2. mgr. 4. gr. svohljóðandi: „Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum“ falli niður.

13. gr.

6. gr. orðist svo:

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

14. gr.

4. mgr. og 8. mgr. 7. gr. falli niður.

15. gr.

Úr 13. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóðs“.

16. gr.

Úr 2. mgr. 14. gr. falli niður orðin: „og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði“.

3. mgr. 14. gr. falli niður.

17. gr.

Úr 16. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóði“.

18. gr.

24. gr., 25. gr., 26. gr. og 27. gr. falli niður.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört í Reykjavík 30. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.